

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Atli Lilliendahl <nuukehf@gmail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 15. október 2024 23:58  
**To:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Subject:** erindi

## Jólamarkaður



Atli Lilliendahl <[atli@madeinisland.is](mailto:atli@madeinisland.is)>

til [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

Til sveitarstjórnar Flóahrepps.

Sæl veriði.

Við undirrituð höfum viðrað þá hugmynd við ýmsa smáframleiðendur, handverksfólk og Beint frá býli, hvort áhugi sé fyrir hendi að byggja upp Jólamarkað sem yrði haldin fyrstu helgina í desember ár hvert í Þingborg. Við höfum fengið jákvæð viðbrögð við þessari hugmynd.

Við höfum víðtæka reynslu af mörkuðum bæði hérlandis og erlendis, og erum einnig hluti af teymi sem er í samvinnu við sveitarfélagið Árborg um að byggja upp sumarmarkað í Tryggvagarði á Selfossi. Það tekur nokkur ár að byggja upp góðan og eftirsóknaverðan markað, koma honum á "Kortið" eins og sagt er. Við höfum fulla trú á að árlegur Jólamarkaður í Þingborg hafi alla möguleika á að verða einn af mest sóttu mörkuðum á landinu, allar aðstæður og staðsetning gerast vart betri.

Við viljum kanna hvort Fláhreppur sjái sér hag í að styrkja þetta verkefni með einhverjum hætti, td. með eftirgjöf af húsaleigu þangað til markaðurinn hefur burði til að standa á eigin fótum. Við hugsum okkur tveggja daga markað laugardag og sunnudag, og þáttakendur hafi möguleika á að byrja að stilla upp sölubásum eftir kl.16 á föstudeginum. Kveðja

**Atli Lilliendahl & Alda Björk Ólafsdóttir**

Lager og Logistik

Made in Ísland

Sími: 770 6268

Mail:[atli@madeinisland.is](mailto:atli@madeinisland.is)